

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	HSP - 103 Vorönn 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Þröstur Ásmundsson	Sk.st.	ÞRÁ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: HSP – 103 er kynning á og umfjöllun um nokkur frumhugtök heimspekilegra fræða á borð við rök, sannindi, þekkingu, vísindi og siðferði. Fjallað verður um ýmis sígild vandamál á sviði heimspekinnar og hvernig helstu heimspekingar sögunnar glímdu við þau. Samkvæmt sjálfsskilningi heimspekinnar er hún fyrst og fremst gagnrýnin hugsun sem er aftur undirstaða og kjölfesta allrar fræðimennsku.

Markmið: Nemandinn á að öðlast þekkingu á meginhugtökum helstu greina heimspekinnar, s.s. frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði og stjórnspeki og um leið nokkra þekkingu á sögulegri þróun þeirra. Leitast verður við að nemandinn taki virkan þátt í umræðum og myndi sér sjálfstæðar skoðanir á viðfangsefnunum í anda gagnrýnnar hugsunar.

Áhersla verður lögð á verkefnavinna.

Námsgögn: Heimspeki eftir Martin Levander (Rvík 1997) Ljósrit verður til sölu á skrifstofu. Margvísleg ljósrit með frumtextum eftir einstaka heimspekinga.

Áætlun um yfirferð:

2.-5. vika: Inngangur. Rökræður og merkingarfræði. Verkefni 1

6.-10. vika: Hvað er raunveruleiki? Hvað er þekking? Verkefni 2 og kaflapróf 1

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	HSP - 103 Vorönn 2013	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

11.-16. vika: Hvernig eiga menn að breyta? Hugmyndir heimspekinga um tilgang lífsins. Verkefni 3 og kaflapróf 2 (13. vika er páskafrí)

17.-18. vika: Heimspeki og stjórnámál. Verkefni 4

Námsmat og vægi námsþátta:

Skrifleg verkefni gilda 55% og kaflaprófin 45%

Nemendur verða að skila öllum verkefnum og taka öll próf til að þeir teljist hafa staðist áfangann. Lágmarkseinkunn er 5.

Verði nauðsynlegt að gera breytingar á einstökum þáttum þessarar kennsluáætlunar verður það tilkynnt með góðum fyrirvara.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils